



**Nýársávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
1. janúar 2007**

Góðir Íslendingar

Ég óska ykkur öllum gleðilegs árs og farsældar á komandi tímum; vonandi hafa hátíðardagar um jól og áramót verið uppspretta ánægju og nýrrar orku, gefið aukinn styrk til að ganga bjartsýn fram á veg.

Ættingjar og vinir, fjölskyldan, oft önnum kafin, ná á þessum kyrrðarstundum að endurnýja og treysta tryggðaböndin, gefa börnum og unglingum litríkan efnivið sem geymast mun í fjársjóði minninganna.

Við Íslendingar höfum löngum skipað fjölskyldunni í fyrirrúm, erum ættvísari en aðrar þjóðir, segjum á góðri stundu að við séum samhent heild, einkum þegar áföll og erfiðleika ber að höndum.

Víst er að við finnum fjölmörg dæmi þessu til stuðnings en samt er margt sem bendir til að fjölskyldulífið eigi nú erfiðara uppdráttar en löngum áður.

Kapphlaupið um lífsins gæði, langur og strangur vinnudagur, kvaðir sem hvíla á foreldrunum, kröfurnar sem gerðar eru – allt hefur þetta dregið úr samvistunum; börnin eru jafnvel skemur með foreldrum sínum en kennurum sem taka við þeim árla morguns og annast fullan vinnudag.

Kannski er kominn tími til að við spyrjum okkur: Hvernig þjóðfélag viljum við skapa börnum okkar? Hver eru þau verðmæti sem við metum mest? Hvaða áhrif hefur lífsgæðakapphlaup hinna eldri á umönnun yngstu barna? Er ekki mannauðurinn dýrasta auðlindin í harðnandi samkeppni þjóða heims?

Á liðnu ári fóru fram fróðlegar umræður um hversu barnvænt íslenskt þjóðfélag væri í raun á okkar tímum. Fræðimenn og aðrir sem þekkingu hafa á þessu sviði vöruðu við hættumerkjum, drógu fram fjölmörg dæmi um vanrækslu sem spillti andlegu jafnvægi og þroska æskunnar sem nú vex úr grasi, bentu á þróun sem á skömmum tíma gæti

skapað jarðveg fyrir upplausn og vaxandi erfiðleika í skólagöngu, leitt til framtíðarvanda sem torvelt yrði að takast á við.

Þessi lýsing kom á óvart því sú skoðun hefur verið föst í sessi að við búum býsna vel að börnum okkar. Og margt er sannarlega afbragðsgott; við eigum glæsileg skólahús og vel menntað starfsfólk sem leggur alúð við verk sín – en er það nóg? Hvað um samvistir fjölskyldunnar, tímann sem foreldrarnir ná að deila með börnum sínum?

Hinn langi vinnudagur tekur toll og börnin bera kostnaðinn í ríkum mæli. Og á aðventunni bárust fréttir um að þúsundir íslenskra barna búi við fátækt, geti ekki nýtt sér sömu tækifæri og bekkjarsystkin og vinafjöld.

Við þurfum að skoða þessa þróun með opnum huga, taka mið af ábendingum sem kunnáttufólk hefur dregið fram, en líka af hversdagsreynslu því vandinn brennur á okkur öllum.

Það yrði leið til bóta að samþætta betur almenna skólagöngu, íþróttir og tómstundastarf, en slíkar aðgerðir eru einnig forvarnir gegn fíkniefnum. Mikilvægast kann þó að vera að stytta hinn langa vinnudag og bæta þannig aðstöðu foreldra til að sinna börnum sínum, en hin lágu laun hjá mörgu fólki eru líka hluti vandans.

Nýsköpun á þessu sviði kallar á breytta forgangsröð, aðra ráðstöfun fjármagns, og þar þurfa allir að taka höndum saman, atvinnurekendur og verkalýðshreyfing, ríki og sveitarfélög.

Ef einhverjum vaxa í augum fjármunirnir sem hér um ræðir þá er rétt að hafa í huga að sókn íslenskra fyrirtækja að undanfögnu, útrásin sem skilað hefur meiri arði en nokkurn gat órað fyrir, byggist að mestu á menntun og hæfni unga fólksins sem nú lætur til sín taka.

Sé það ætlun Íslendinga að treysta í sessi árangur á alþjóðavelli verður að fjárfesta í auknum mæli í þágu æskufólks, allt frá fyrstu árum æviskeiðsins til menntunar í háskólunum.

Lengi býr að fyrstu gerð og rannsóknir sýna að atlæti í vöggju og misserin þar á eftir getur ráðið úrslitum um árangur á fullorðinsárum. Vandinn er líka margslungnari en virðist við fyrstu sýn, því fjölskyldugerðir verða sífellt fjölbreyttari.

Í samræðum um framtíðina verðum við að svara því hversu barnvænt við viljum að íslenskt þjóðfélag verði í raun og vinna svo að víðtækri sátt um breytingarnar sem gera þarf.

Já, framtíðin – hún virðist stundum hulin okkur í órafjarska og því ugga menn ekki að sér. En tíminn er hraðfleygur fugl og innan tíðar knýr

vandi dyra, vandi sem við töldum að yrði viðfangsefni komandi kynslóða en ekki okkar.

Liðins árs verður án efa lengi minnst fyrir þau þáttaskil sem urðu í umræðunni um breytingar á loftslaginu, minnst sem ársins þegar hættan á hækkun sjávarborðsins varð brennandi viðfangsefni heimsbyggðarinnar. Allt í einu blasti við víðtæk samstaða leiðtoga þjóða um veröld víða, úrvalssveitar á vettvangi vísindanna, forstjóra fyrirtækja í hópi hinna stærstu á markaði heimsins.

Allir fluttu sama boðskap: Á örfáum áratugum kunna loftslag jarðar og lífsskilyrðin að umturnast til verri vegar, svo hrikalega að heilsu og heill milljarða manna verði hætta búin.

Ekki er lengur deilt um að loftmengun skapar mannkyni nýja ógn – þótt auðvitað telji einhverjir sér trú um að allt sé í lagi líkt og félagarnir í frægum klúbbi sem fylgja enn kjörorðinu að jörðin sé flöt.

Nú snýst umræðan nánast eingöngu um hve hratt við þurfum að bregðast við. Nýjustu rannsóknir benda til að aðeins örfáir áratugir séu til stefnu ef þjóðum heims á að takast að forða sér frá mestu hættu sem mannkynið hefur staðið frammi fyrir.

Glögg þáttaskil hafa orðið í umræðunni. Það er mikil breyting frá því ég varaði við þessari þróun í ávarpi til ykkar á nýársdag fyrir níu árum. Þá sagði ég m.a.:

„Ef svo heldur fram sem horfir gæti hitaaukning víða um heim gert gróðursvæði að eyðimörk en annars staðar yrði kólnun í ætt við ísaldartíma. Breytingar á saltstigi sjávar myndu stöðva aflvélina sem knúið hefur hringrás hafstraumanna og yljurinn sem við höfum hlotið úr suðurhöfum hætta að berast hingað.“

Ég staldraði ekki síst við þau áhrif sem breytingar á Golfstraumnum kynnu að hafa á lífsskilyrði Íslendinga. Mörgum þótti sú mynd sem ég dró upp fyrir tæpum áratug heldur dökk og ýmsir lögðu orð í belg. Nú kveður við annan tón og þorri þeirra sem tekur til máls telur brýnt að þjóðir heims taki höndum saman.

Það eru fáir sem enn vilja fljóta sofandi að feigðarósi.

Nú er spurt á hverjum degi: Hvað getum við gert? Hvaða vopn færa vísindin og tæknin okkur í hendur?

Við Íslendingar höfum einstakt tækifæri til að láta að okkur kveða í leitinni að nýjum lausnum. Það hve hátt hlutfall er hér af hreinni orku vekur sífellt meiri athygli annarra þjóða. Æ fleiri sækjast nú eftir samstarfi við Íslendinga.

Nýverið var í borginni Xian Yang hleypt vatni á nýja hitaveitu sem verður hin stærsta í veröldinni en Kínverjar leggja hana í samvinnu við íslensk fyrirtæki, Glitni og Orkuveitu Reykjavíkur.

Almennt er viðurkennt að Íslendingar hafi náð heimsforystu um nýtingu jarðhitans og íslensk orkufyrirtæki sinna fjölþættum verkefnum í Evrópu, Asíu og Ameríku. Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna sem hér hóf störf fyrir þremur áratugum hefur menntað hundruð einstaklinga frá mörgum löndum og flestir þeirra hafa nú forystu um nýtingu jarðhitans á heimaslóðum.

Síðar í þessum mánuði koma forystumenn fimm Afríkurríkja saman í Djíbútí til að ræða nýtingu jarðhitans í löndum sínum á ráðstefnu sem forseti Djíbútís boðar til ásamt mér og hinum heimsþekktu hagfræðingi Jeffrey Sachs. Þar verða einnig íslenskir vísindamenn, fulltrúar alþjóðlegra fyrirtækja og Reykjavíkur.

Fordæmi okkar er öðrum þjóðum áhugaefni. Það sýndu glögg tvær viðamiklar alþjóðlegar ráðstefnur sem forsetaembættið bauð að haldnar yrðu hér á liðnu ári.

Þá fyrri, Samráðsþing um loftslagsbreytingar, sóttu fulltrúar fjölmargra stærstu fyrirtækja heims, fremstu vísindamenn í ýmsum greinum, áhrifafólk frá Evrópu, Bandaríkjunum, Indlandi og Kína. Viðfangsefnið var að greina hvernig unnt er með nýjungum í tækni og framleiðsluháttum að mæta orkuþörf nýrrar aldar og berjast um leið gegn breytingum á loftslaginu.

Í tengslum við ráðstefnuna var undirritað samkomulag milli Columbia-háskólans, einhverrar virtustu mennta- og fræðastofnunar Bandaríkjanna, og Háskóla Íslands um víðtækt samstarf um sjálfbæra þróun. Þar ber hæst tilraunaverkefni íslenskra vísindamanna, Orkuveitu Reykjavíkur og öflugra háskóla í Evrópu og Bandaríkjunum, um bindingu koltvísýrings til frambúðar í iðrum jarðar.

Verkefnið er einstakt tækifæri fyrir unga en líka reyndari vísindamenn og verði niðurstaðan jákvæð höfum við Íslendingar lagt þung lóð á vogarskálar í baráttunni gegn mestu ógn sem nú steðjar að mannkyninu. Sú aðferð sem þróuð yrði hér á landi gæti nýst þar sem basalt er í jörðu, til dæmis á Indlandi sem og í Rússlandi og Norður-Ameríku.

Síðari ráðstefnuna sem hér var haldin sótti vösk sveit ungra leiðtogaefna frá öllum álfum – afreksfólk sem hin þekkt Davos-ráðstefna um stjórnámál og viðskiptalíf hefur kallað til forystu á nýrri öld. Þetta unga fólk samþykkti að gera Ísland að vettvangi samræðu sinnar um orkumál

jarðarbúa og fékk hingað alþjóðlega fjárfesta sem vilja leggja baráttunni gegn loftslagsbreytingum öflugt lið. Í hugum þessa fólks er Ísland kjörstaður vegna sjálfbærrar nýtingar orkulinda, hreinnar náttúru og ímyndar landsins.

Ummæli þátttakenda í ráðstefnunum og samræður sem ég hef átt við forystumenn í mörgum löndum – athafnamenn, hugsuði í alþjóðamálum, frumherja í vísindastarfi – hafa sannfært mig um að við getum gert Ísland að miðstöð alþjóðlegs samstarfs um þróun hreinnar orku, miðstöð viðleitninnar til að ná árangri og afstýra þeim hættum sem verulegar breytingar á loftslaginu skapa öllum jarðarbúum.

Heimurinn þarf á slíkri miðstöð að halda til að skerpa umræður og ákvarðanir, til að auka tengsl og skapa tiltrú. Þátttakendur kæmu úr öllum áttum og vettvangurinn yrði opinn hverjum og einum sem lagt getur nokkuð af mörkum.

Tengslin sem við höfum náð við Indland og Kína getað dugað vel í þessu verki enda greiðara fyrir þessar fjölmennu þjóðir, sem báðar verða senn helstu aflvélar í hagkerfi heimsins með þriðjung heimsbyggðar í sínum röðum, að nálgast lausnir í samvinnu við Íslendinga en í togstreitu við hin gömlu áhrifaríki.

Hið sama á við um Rússland sem varð fyrir skömmu ásamt Íslandi, Noregi og Evrópusambandinu aðili að nýju samkomulagi um aukið samstarf á Norðurslóðum, en rannsóknir hafa sýnt að loftslagsbreytingarnar gerast hraðar þar en á öðrum svæðum.

Ísland hefur því marga kosti sem gera það kjörið til að takast á hendur þetta hlutverk – og ef vel tekst til mun þjóðin njóta verulegs ávinnings, miðstöðin skapa okkur hagsæld og virtan sess í veröldinni.

Í viðræðum við fjárfesta víða um heim hef ég fundið vaxandi áhuga á framkvæmdum sem byggjast á umhverfisvernd og nýjum siðferðisgrunni. Þeir vilja láta gott af sér leiða enda mörg arðbær tækifæri fólgin í sjálfbærri þróun.

Ég hef því ákveðið að beita kröftum mínum og nýta tengsl við áhrifafólk víða um lönd til að hrinda í framkvæmd þeirri hugsjón að Ísland verði miðstöð alþjóðlegs samstarfs og samræðna um hreinan orkubúskap jarðarbúa, miðstöð þekkingar og starfs sem forðar börnum okkur og niðjum öllum frá ógninni sem felst í breytingum á loftslaginu og leggur um leið traustan grunn að sjálfbærri framtíð.

Við eigum margvíslegan efnivið sem nýtist vel slíkri miðstöð: Frábæra sveit vísindamanna, verkfræðinga og hugvitsfólks, fyrirtæki í

fremstu röð, framsækna banka og athafnamenn á heimsvísu sem náð hafa forystu í fjárfestingum.

Allt er þetta haldgott veganesti en að auki er fámenni þjóðarinnar mikill styrkur því oft er auðveldara fyrir aðra að mæta til leiks á velli sem smáriki hefur haslað sér.

Við höfum sjálf enga annarlega hagsmuni í farangrinum; eigum vinsamleg samskipti við allar þjóðir, ógnum engum.

Það er leitun að landi sem hefur jafn ríka eiginleika til að verða slík miðstöð.

Í Laxdæla sögu sagði Ketill flatnefur þegar börn hans reyndu að teyma hann með sér til Íslands: „Í þá veiðistöð kem eg aldregi á gamals aldri.“

Já, Ísland var um aldir verstöð og vettvangur landbúnaðar. Nú getur það orðið aflstöð nýrrar sýnar á sjálfbæran orkubúskap jarðarbúa. – Ísland; tákn nýrrar vonar, nýrra tíma.

Það er staðfastur vilji minn að vinna að því að svo geti orðið enda mikið í húfi fyrir okkur öll.

Brugðið getur til beggja vona um framtíðarheill þjóða heims. Enginn sem finnur til ábyrgðar getur lengur setið hjá.